

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/296****2020/EES/5/11****frá 24. febrúar 2015****um verklag við samstarf milli aðildarríkjanna um rafræna auðkenningu skv. 7. mgr. 12. gr.  
reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og  
traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB <sup>(1)</sup>, einkum 7. mgr. 12. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samstarf milli aðildarríkjanna um samvirkni og öryggi rafrænna auðkenningarskipana (e. electronic identification schemes) er nauðsynlegt til að stuðla að háu stigi trausts og öryggis sem hæfir áhættustigi slíkra skipana.
- 2) Samkvæmt g-lið 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 skal tilkynningaraðildarríkið láta hinum aðildarríkjunum í té lýsingu á slíkri skipan með sex mánaða fyrirvara, til að aðildarríkin geti haft með sér samstarf eins og lýst er í 5. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.
- 3) Samstarf milli aðildarríkjanna krefst einfaldaðrar málsmeðferðar. Ekki er hægt að ná fram samvirkni og öryggi rafrænna auðkenningarskipana með verklagsreglum sem eru notaðar á mismunandi tungumálum. Það að nota ensku í samstarfinu ætti að gera það auðveldara að ná fram samvirkni og öryggi rafrænna auðkenningarskipana en þó ætti þýðing gagna, sem þegar liggja fyrir, ekki að leiða til óhóflegrar byrði.
- 4) Hin ýmsu yfirvöld eða aðilar í aðildarríkjunum fara með mismunandi þætti rafrænu auðkenningarskipananna. Til að ná fram skilvirku samstarfi og einfalda stjórnsýslumeðferð er við hæfi að tryggja að í hverju aðildarríki sé einn vettvangur þar sem hægt er að hafa samband við viðeigandi yfirvöld og aðila.
- 5) Skipti á upplýsingum, reynslu og góðum starfsvenjum milli aðildarríkjanna greiða fyrir þróun rafrænna auðkenningarskipana og þjóna þeim tilgangi að ná fram tæknilegri samvirkni. Þörfin á slíkri samvinnu er einkum réttlætunleg þegar um er að ræða aðlögun þegar tilkynnta rafrænna auðkenningarskipana, breytingar á rafrænum auðkenningarskipunum sem aðildarríkjunum hafa verið veittar upplýsingar um áður en tilkynning á sér stað og þegar mikilvæg þróun eða atvik eiga sér stað sem geta haft áhrif á samvirkni eða öryggi rafrænna auðkenningarskipana. Aðildarríkin ættu einnig að hafa þann möguleika að geta beðið um slíkar upplýsingar varðandi samvirkni og öryggi rafrænna auðkenningarskipana frá öðrum aðildarríkjum.
- 6) Líta ætti á jafningjarýni á rafrænum auðkenningarskipunum sem gagnkvæmt lærdómsferli sem stuðlar að því að byggja upp traust milli aðildarríkjanna og tryggir samvirkni og öryggi tilkynnta, rafrænna auðkenningarskipana. Þetta krefst þess að tilkynningaraðildarríkið láti í té nægar upplýsingar um rafrænar auðkenningarskipanir sínar. Þó verður einnig að taka tillit til þess að aðildarríki þurfi að halda tilteknum upplýsingum leyndum þegar slíkt skiptir sköpum varðandi öryggi.
- 7) Til að tryggja að jafningjarýni sé kostnaðarhagkvæm og gefi skýrar og afgerandi niðurstöður og til þess að forðast að leggja óþarfa byrði á aðildarríkin ættu aðildarríkin að framkvæma jafningjarýni í eitt skipti í sameiningu.
- 8) Aðildarríkin ættu að taka til greina mat óháðra þriðju aðila, liggi það fyrir, þegar þau starfa saman að málum sem tengjast rafrænum auðkenningarskipunum, þ.m.t. þegar þau framkvæma jafningjarýni.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 53, 25.2.2015, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 242/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(<sup>1</sup>) Stjttíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73.

- 9) Til að greiða fyrir verklagi til að ná markmiðum 5. og 6. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 ætti að koma á fót samstarfsneti. Með því má tryggja að fyrir hendi sé vettvangur sem getur náð til allra aðildarríkjanna og virkjað þau með formlegum hætti til samstarfs um hagnýt atriði í sambandi við viðhald á umgjörð samvirkni (e. interoperability framework).
- 10) Samstarfsnetið ætti að fara yfir drög að tilkynningareyðublöðum sem aðildarríkin leggja fram skv. g-lið 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 og gefa álit á því hvort skipanirnar, sem þar er lýst, uppfylli kröfur 7. gr., 8. gr. (1.–2. mgr.) og 12. gr. (1. mgr.) þeirrar reglugerðar og framkvæmdargerðarinnar sem um getur í 3. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar. Í e-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 910/2014 er þess krafist að tilkynningaraðildarríkin lýsi því hvernig tilkynnt, rafræn auðkenningarskipan uppfyllir kröfur um samvirkni skv. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014. Aðildarríkin ættu einkum að taka tillit til álitserða samstarfsnetsins þegar þau búa sig undir að uppfylla skyldu sína skv. e-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014, þ.e. að lýsa því fyrir framkvæmdastjórninni hvernig tilkynnta, rafræna auðkenningarskipanin fullnægir kröfunum um samvirkni skv. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.
- 11) Allir aðilar, sem koma að tilkynningunni, ættu að taka mið af álitserð samstarfsnetsins og hafa hana til leiðbeiningar varðandi alla samstarfs-, tilkynningar- og samvirkniferla.
- 12) Til að tryggja skilvirki jafningjarýniferlisins, sem er framkvæmt samkvæmt þessari ákvörðun, er við hæfi að samstarfsnetið veiti aðildarríkjunum leiðbeiningar.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

#### I. KAFLI

#### ALMENN ÁKVÆÐI

##### 1. gr.

#### Markmið

*Í samræmi við 7. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar er í þessari ákvörðun mælt fyrir um verklag til að greiða fyrir samstarfi aðildarríkjanna eftir því sem nauðsynlegt er til að tryggja samvirkni og öryggi rafrænna auðkenningarskipana sem aðildarríkin hyggjast tilkynna eða hafa þegar tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar. Verklagið varðar einkum:*

- a) skipti á upplýsingum, reynslu og góðum starfsvenjum í tengslum við rafrænar auðkenningarskipanir og rannsókn á þróun sem máli skiptir á sviði rafrænnar auðkenningar eins og sett er fram í II. kafla,
- b) jafningjarýni á rafrænum auðkenningarskipunum, eins og sett er fram í III. kafla, og
- c) samstarf í gegnum samstarfsnetið, eins og sett er fram í IV. kafla.

##### 2. gr.

#### Samstarfstungumál

1. Samstarfið skal fara fram á ensku nema hlutaðeigandi aðildarríki komi sér saman um annað.
2. Með fyrirvara um 1. mgr. skal aðildarríkjunum ekki vera skylt að þýða stuðningsgögn, sem um getur í 2. mgr. 10. gr., ef það veldur óhóflegri byrði.

##### 3. gr.

#### Upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar

1. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna upplýsinga- og þjónustumiðstöð vegna samstarfs aðildarríkjanna skv. 5. og 6. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

2. Sérhvert aðildarríki skal senda hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni upplýsingar um upplýsinga- og þjónustumiðstöðina. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir upplýsinga- og þjónustumiðstöðvarnar á Netinu.

## II. KAFLI

### SKIPTI Á UPPLÝSINGUM, REYNSLU OG GÓÐUM STARFSVENJUM

#### 4. gr.

#### Skipti á upplýsingum, reynslu og góðum starfsvenjum

1. Aðildarríkin skulu miðla upplýsingum, reynslu og góðum starfsvenjum í tengslum við rafrænar auðkenningarskipanir til hinna aðildarríkjanna.
2. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um það þegar það tekur upp einhverja af eftirtöldum breytingum, þróun eða aðlögun sem tengjast samvirkni eða fullvissustigum skipanarinnar:
  - a) þróun eða aðlögun á þegar tilkynntri, rafrænni auðkenningarskipan ef ekki er krafist tilkynningar vegna þeirra skv. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014,
  - b) breytingar, þróun eða aðlögun á lýsingunni á rafrænni auðkenningarskipan þess, sem látin er í té skv. g-lið 7. gr. reglugerðar (ESB) 910/2014, ef þær áttu sér stað áður en tilkynningin fór fram.
3. Komist aðildarríki á snoðir um mikilvæga þróun eða atvik sem ekki tengist tilkynntri rafrænni auðkenningarskipan þess en gæti haft áhrif á öryggi annarra tilkynntra rafrænna auðkenningarskipana, skal það gera hinum aðildarríkjunum viðvart um það.

#### 5. gr.

#### Beiðni um upplýsingar um samvirkni og öryggi

1. Telji aðildarríki að til þess að tryggja samvirkni milli rafrænna auðkenningarskipana þurfi það meiri upplýsingar en þær sem aðildarríki lét í té þegar það tilkynnti um rafræna auðkenningarskipan sína getur það beiðið síðarnefnda ríkið um slíkar upplýsingar. Tilkynningaraðildarríkið skal láta slíkar upplýsingar í té nema:
  - a) það búi ekki yfir þessum upplýsingum og það hefði í för með sér óhóflega stjórnsýslubyrði að útvega þær,
  - b) upplýsingarnar varði almannaoöryggi eða þjóðaröryggi,
  - c) upplýsingarnar varði viðskipta-, atvinnu- eða fyrirtækjaleyndarmál.
2. Til að bæta öryggi rafrænna auðkenningarskipana getur aðildarríki, sem hefur áhyggjur af öryggismálum í tengslum við skipan sem tilkynnt hefur verið um eða er í tilkynningarferli, beiðið um upplýsingar varðandi áhyggjuefnið. Aðildarríkið, sem beiðninni er beint til, skal þá veita öllum aðildarríkjunum nauðsynlegar, viðeigandi upplýsingar til að sýna fram á hvort um öryggisrof er að ræða, eins og um getur í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014, eða hvort raunveruleg hættu er á slíku rofi nema:
  - a) það búi ekki yfir þessum upplýsingum og það hefði í för með sér óhóflega stjórnsýslubyrði að útvega þær,
  - b) upplýsingarnar varði almannaoöryggi eða þjóðaröryggi,
  - c) upplýsingarnar varði viðskipta-, atvinnu- eða fyrirtækjaleyndarmál.

#### 6. gr.

#### Upplýsingaskipti gegnum upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar

Aðildarríkin skulu skiptast á upplýsingum skv. 4. og 5. gr. í gegnum upplýsinga- og þjónustumiðstöðvarnar og láta í té viðeigandi umbeðnar upplýsingar án ótilhlýðilegrar tafar.

## III. KAFLI

## JAFNINGJARÝNI

## 7. gr.

## Meginreglur

1. Jafningjarýni er tæki til samstarfs milli aðildarríkjanna sem er hannað með það í huga að tryggja samvirkni og öryggi tilkynntra rafræna auðkenningarskipana.
2. Þátttaka rýniaðildarríkjanna er valfrjáls. Aðildarríkið, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem á að sæta jafningjarýni, getur ekki synjað neinu rýniaðildarríki um þátttöku í jafningjarýniferlinu.
3. Sérhvert aðildarríki, sem tekur þátt í jafningjarýniferlinu, skal bera þann kostnað sem það stofnar til við þátttöku í þessu ferli.
4. Upplýsingar, sem aflað er í jafningjarýniferlinu, skulu eingöngu notaðar í þessum tilgangi. Fulltrúar aðildarríkjanna, sem framkvæma jafningjarýnina, skulu ekki gefa þriðju aðilum upp neinar viðkvæmar upplýsingar eða trúnaðarupplýsingar sem aflað er meðan á henni stendur.
5. Aðildarríki, sem taka þátt í jafningjarýni, skulu gera grein fyrir hvers kyns hugsanlegum hagsmunaárekstri tilnefndra fulltrúa þeirra í jafningjarýninni.

## 8. gr.

## Jafningjarýniferli hafið

1. Hægt er að hefja jafningjarýniferli á tvo vegu:
  - a) Aðildarríki biður um jafningjarýni á rafræna auðkenningarskipan sína.
  - b) Aðildarríki, eitt eða fleiri, óska eftir að fá að framkvæma jafningjarýni á rafrænni auðkenningarskipan annars aðildarríkis. Í beiðni sinni skulu þau taka fram ástæðurnar fyrir ósk sinni um að fá að framkvæma jafningjarýnina og útskýra hvernig hún myndi stuðla að samvirkni eða öryggi rafræna auðkenningarskipana aðildarríkjanna.
2. Tilkynna skal um beiðni skv. 1. mgr. til samstarfsnetsins í samræmi við 3. mgr. Hvert það aðildarríki sem hyggst taka þátt í jafningjarýninni skal tilkynna samstarfsnetinu um það innan eins mánaðar.
3. Aðildarríkið, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem á að sæta jafningjarýni, skal láta samstarfsnetinu í té upplýsingar um eftirfarandi:
  - a) rafrænu auðkenningarskipanina sem á að sæta jafningjarýni,
  - b) aðildarríkið eða -ríkin sem taka þátt í jafningjarýninni,
  - c) hvenær áætlað er að samstarfsnetinu verði kynntar niðurstöðurnar og
  - d) fyrirkomulagið við framkvæmd jafningjarýninnar skv. 2. mgr. 9. gr.
4. Rafræn auðkenningarskipan skal ekki sæta frekari jafningjarýni næstu tvö árin eftir að slík rýni fer fram nema samstarfsnetið samþykki það.

## 9. gr.

## Undirbúningur jafningjarýni

1. Innan 2ja vikna frá því að rýniaðildarríkin tilkynntu um þá fyrirætlan sína að taka þátt í henni í samræmi við 2. mgr. 8. gr. skulu þau gefa aðildarríkinu, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem á að sæta jafningjarýni, upp nöfn og samskiptaupplýsingar þeirra fulltrúa sinna sem annast rýnina. Aðildarríkið, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem á að sæta jafningjarýni, getur synjað fulltrúa um þátttöku ef um hagsmunaárekstur er að ræða.

2. Með hliðsjón af leiðbeiningum samstarfsnetsins skulu aðildarríkið, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem á að sæta jafningjarýni, og rýniaðildarríkin komast að samkomulagi um:

- a) umfang jafningjarýnninnar og fyrirkomulag hennar, á grundvelli gildissviðs g-liðar 7. gr. eða 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 og þess áhuga sem rýniaðildarríkin tjáðu í upphafsáfanganum,
- b) tímasetningu jafningjarýniaðgerða með því að ákveða lokafrest sem ekki má vera meira en 3 mánuðum eftir að rýniaðildarríkin létu í té nöfn og samskiptaupplýsingar fulltrúa sinna skv. 1. mgr.,
- c) aðrar skipulagsráðstafanir sem tengjast jafningjarýniferlinu.

Aðildarríkið, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem á að sæta jafningjarýni, skal tilkynna samstarfsnetinu um samkomulagið.

*10. gr.*

### **Jafningjarýni**

1. Aðildarríkin, sem taka þátt, skulu framkvæma jafningjarýnina sameiginlega. Fulltrúar aðildarríkjanna skulu velja einn úr sínum hópi til að annast samræmingu jafningjarýnninnar.

2. Aðildarríkið, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem á að sæta jafningjarýni, skal láta rýniaðildarríkjunum í té tilkynningareyðublaðið, sem lagt var fyrir framkvæmdastjórnina, eða lýsingu á skipaninni, skv. g-lið 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014, hafi viðkomandi rafræn auðkenningarskipan enn ekki verið tilkynnt. Einnig skal láta í té öll stuðningsgögn og viðbótarupplýsingar sem máli skipta.

3. Jafningjarýni getur falið í sér, en takmarkast þó ekki við, eitt eða fleiri af eftirfarandi:

- a) mat á viðkomandi gögnum,
- b) athugun á ferlum,
- c) tæknilegar málstofur og
- d) athugun á mati óháðs þriðja aðila.

4. Rýniaðildarríkin geta krafist viðbótargagna í tengslum við tilkynninguna. Aðildarríkið, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem sætir jafningjarýni, skal láta í té slíkar upplýsingar nema:

- a) það búi ekki yfir þessum upplýsingum og það hefði í för með sér óhóflega stjórnsýslubyrði að útvega þær,
- b) upplýsingarnar varði almannaoðryggi eða þjóðaröryggi,
- c) upplýsingarnar varði viðskipta-, atvinnu- eða fyrirtækjaleyndarmál.

*11. gr.*

### **Niðurstaða jafningjarýni**

Rýniaðildarríkin skulu semja skýrslu og leggja hana fyrir samstarfsnetið innan mánaðar frá því að jafningjarýniferlinu lýkur. Aðilar að samstarfsnetinu geta krafist frekari upplýsinga eða skýringa frá aðildarríkinu, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem sætti jafningjarýni, eða frá rýniaðildarríkjunum.

IV. KAFLI

### **SAMSTARFSNETIÐ**

*12. gr.*

### **Stofnun og starfshættir**

Hér með er komið á fót neti sem á að stuðla að samstarfinu skv. 5.–6. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 („samstarfsnetið“). Starf samstarfsnetsins skal felast í fundum í bland við skriflega málsmeðferð.

*13. gr.***Drög að tilkynningareyðublaði**

Þegar tilkynningaráðildarríki lætur í té lýsingu á rafrænni auðkenningarskipan sinni skv. g-lið 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 skal það afhenda samstarfsnetinu drög að tilkynningareyðublaði, útfyllt með tilhlýðilegum hætti, og öll nauðsynleg fylgigögn eins og tilgreint er í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 og í framkvæmdargerðinni sem um getur í 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

*14. gr.***Verkefni**

*Samstarfsnetið skal hafa umboð til að:*

- a) greiða fyrir samstarfi milli aðildarríkjanna um að koma á fót og framkvæma umgjörð samvirkni skv. 5.–6. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 með upplýsingaskiptum,
- b) koma á aðferðum til skilvirkra upplýsingaskipta um öll málefni sem varða rafræna auðkenningu,
- c) rannsaka þróun sem máli skiptir á sviði rafrænnar auðkenningar og ræða og þróa góðar starfsvenjur um samvirkni og öryggi rafræna auðkenningarskipana,
- d) samþykkja álitserðir um þróun í tengslum við umgjörð samvirkni sem um getur í 2.–4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014,
- e) samþykkja álitserðir um þróun að því er varðar lágmarkstækniforskriftir, -staðla og -ferla varðandi fullvissustigin, sem sett eru fram í framkvæmdargerðinni sem samþykkt var skv. 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 og leiðbeiningunum sem fylgja þeirri framkvæmdargerð,
- f) samþykkja leiðbeiningar um umfang jafningjarýni og fyrirkomulag hennar,
- g) kanna niðurstöður jafningjarýni skv. 11. gr.,
- h) fara yfir útfylltu drögin að tilkynningareyðublaði,
- i) samþykkja álitserðir um það hvernig rafræn auðkenningarskipan, sem tilkynna á um og lýsing hefur verið gefin á í samræmi við g-lið 7. gr. reglugerðar (ESB) 910/2014, uppfyllir kröfur 7. gr., 8. gr. (1.–2. mgr.) og 12. gr. (1. mgr.) þeirrar reglugerðar og framkvæmdargerðarinnar sem um getur í 3. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar.

*15. gr.***Aðild**

1. Aðildarríkin og lönd Evrópska efnahagssvæðisins skulu vera aðilar að samstarfsnetinu.
2. Formaðurinn skal bjóða fulltrúum inngöngulanda að sitja fundi samstarfsnetsins sem áheyrnarfulltrúar frá og með undirritunardegi aðildarsáttmála.
3. Formaðurinn getur boðið sérfræðingum utan samstarfsnetsins með sérþekkingu á því máli sem er á dagskrá til að taka þátt í starfi samstarfsnetsins eða undirhóps í sérstökum tilvikum, að höfðu samráði við samstarfsnetið. Auk þess getur formaðurinn veitt einstaklingum og stofnunum stöðu áheyrnarfulltrúa, að höfðu samráði við samstarfsnetið.

*16. gr.***Starfsemi**

1. Framkvæmdastjórnin skal gegna formennsku í samstarfsnetinu.
2. Í samráði við framkvæmdastjórnina getur samstarfsnetið komið á undirhópum til að skoða sérstök álitaefni í samræmi við þá starfsskilmála sem samstarfsnetið skilgreinir. Slíkir undirhópar skulu leystir upp um leið og þeir ljúka þeim verkefnum sem falla undir umboð þeirra.

3. Aðilar að samstarfsnetinu, sem og sérfræðingar og áheymarfulltrúar sem hefur verið boðin þátttaka, skulu virða þagnarskyldu þá sem mælt er fyrir um í sáttmálunum og framkvæmdarreglum þeirra, sem og reglur framkvæmdastjórnarinnar um öryggi hvað varðar verndun trúnaðarupplýsinga ESB, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/844/EB, KSE, KBE <sup>(1)</sup>. Virði þeir ekki þessar skuldbindingar getur framkvæmdastjórnin gripið til allra viðeigandi ráðstafana.
4. Samstarfsnetið skal halda fundi sína í húsnæði framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin skal láta í té skrifstofuþjónustu.
5. Samstarfsnetið skal birta álitserðir sínar sem samþykktar eru skv. i-lið 14. gr. á sérstöku vefsetri. Hafi slík álitserð að geyma trúnaðarupplýsingar skal samstarfsnetið samþykkja útgáfu af þeirri álitserð þar sem trúnaðarupplýsingum er sleppt, til slíkrar birtingar.
6. Samstarfsnetið skal setja sér starfsreglur með einföldum meirihluta aðila þess.

17. gr.

#### **Kostnaður vegna fundarhalds**

1. Framkvæmdastjórnin skal ekki greiða þeim sem taka þátt í starfsemi samstarfsnetsins fyrir þjónustu þeirra.
2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að endurgreiða ferðakostnað vegna útgjalda þátttakenda í fundum samstarfsnetsins. Endurgreiðsla skal vera í samræmi við þau ákvæði sem í gildi eru innan framkvæmdastjórnarinnar og vera innan marka tiltækra fjárveitinga til þjónustudeilda framkvæmdastjórnarinnar sem úthlutað er samkvæmt árlegri málsmeðferð við úthlutun fjármagns.

18. gr.

#### **Gildistaka**

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

<sup>(1)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/844/EB, KSE, KBE frá 29. nóvember 2001 um breytingu á innri starfsreglum (Stjtíð. EB L 317, 3.12.2001, bls. 1).